

Efnahagslegur hreyfanleiki innan lífshlaupsins og ójöfnuðar á Íslandi frá 2000 til 2023

KOLBEINN STEFÁNSSON, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Í þessari grein er birt fyrsta heildstæða rannsóknin á efnahagslegum hreyfanleika frá ári til árs á Íslandi, byggð á skráargögnum sem ná til allra sem voru með skráða búsetu á Íslandi í heilt ár frá og með árinu 2000, til og með ársins 2023. Þó tekjuójöfnuður hafi verið rannsakadur ítarlega á Íslandi er mun minna vitað um hvernig tekjur einstaklinga þróast yfir tíma og áhrif þess á ójöfnuð í íslensku þjóðfélagi. Í greininni er fjallað um bæði algildan hreyfanleika, skilgreindum sem breytingar á heildartekjum á milli ára, og afstæðan efnahagslegan hreyfanleika, sem vísar til breytinga á stöðu einstaklinga í tekjudreifingunni. Niðurstöðurnar sýna að stór hluti íbúa landsins upplifa umtalsverðar breytingar á tekjum frá einu ári til annars: á flestum árum hækka eða lækka tekjur meira en þriðjungs einstaklinga um að minnsta kosti 10%. Afstæður hreyfanleiki er líka talsverður en einkennist af stuttum tilfærslum, yfirleitt um eitt tíundarbil, en stór stökk eru sjaldgæf. Árin eftir ganga breytingarnar til baka fyrir umtalsverðan hluta fólks. Hreyfanleikinn er mestur í kringum miðju tekjudreifingarinnar og fastheldni efsta tekjubilsins er meira en þeirra neðri. Þá hefur dregið úr efnahagslegum hreyfanleika það sem af er 21. öldinni. Að lokum eru áhrif efnahagslegs hreyfanleika á ójöfnuð á Íslandi hófleg: ef horft er til dreifingu meðaltekna yfir fimm ára tímabil lækkar Gini-stuðullinn um innan við 10% í samanburði við að notast aðeins við tekjuupplýsingar fyrir eitt ár.

LYKILORD: Efnahagslegur hreyfanleiki – Breytileiki tekna – Ójöfnuður

ABSTRACT: This article presents the first comprehensive study of intergenerational income mobility in Iceland, using full-population register data covering the years 2000–2023. While income inequality in Iceland has been extensively documented, much less is known about how individual incomes evolve over time and the extent to which short-term fluctuations translate into longer-term redistribution. I examine both absolute mobility, defined as year-to-year changes in equivalised household income, and relative mobility, defined as changes in individuals' positions within the income distribution. The results show that a substantial share of the population experiences large annual income shifts: in most years,

over one third of individuals see their incomes rise or fall by at least 10 percent. Relative mobility is also considerable, but dominated by short-range movements of one income decile, with relatively little long-range movement. Persistence is strongest at the top and bottom of the distribution, where “stickiness” has increased over time. I also show that much of observed mobility is temporary, with a large share of individuals returning to their original income decile within a few years. Finally, income mobility has only modest equalising effects: averaging incomes across five years lowers the Gini coefficient by less than 10 percent.

KEYWORDS: Economic/income mobility – Income changes – Inequality

Inngangur¹

Líf fólks fylgja sjaldnast beinni braut. Veikindi, skilnaðir, atvinnumissir eða skyndileg fráfall geta á augabragði breytt öryggi í óvissu og velsæld í fjárhagsþrengingar. Að sama skapi getur óvænt happ eða tækifæri lyft fólki í nýjar hæðir og leyst úr neyð. Grikkir til forna persónugerðu þetta í gyðjunni Týkhe sem færði fólki gæfu eða ógæfu án tillits til verðleika. Í nútímasamfélögum höfum við reynt að koma böndum á Týkhe með kerfum sem draga úr ýmiskonar óvissu og áhættu og á stundum kann að virðast sem líf okkar einkennist af fyrirsjáanleika og reglu. Spurningin er hvort, og að hvaða marki, kerfin okkar verja okkur gegn áhrifum hennar.

Í þessari grein er fallvaltleiki lífsins skoðaður út frá efnahagslegum hreyfanleika, það er hvernig tekjur og staða þeirra í tekjudreifingunni breytist frá einum tíma til annars. Fyrir það verða notaðar upplýsingar um jafngildar heildartekjur úr skráargögnum Hagstofu Íslands fyrir árin frá 2000 til 2023. Þetta er, eftir því sem höfundur kemst næst, í fyrsta sinn sem slík rannsókn hefur verið gerð á Íslandi. Efnahagslegur hreyfanleiki skiptir máli til að auka skilning okkar á hvernig afkoma fólks í samfélaginu mótast.

Slíkur hreyfanleiki skiptir einnig máli fyrir skilning okkar á ójöfnuði og fátækt. Þó tekjuójöfnuður hafi mikið verið rannsakaður hér á landi (sjá til dæmis Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017) þá er lítið vitað um hver áhrif efnahagslegs hreyfanleika á lífskjör fólks til lengri tíma eru. Ef efnahagslegur hreyfanleiki er umtalsverður og staða fólks á hverjum tíma oft tímabundin er minni þörf fyrir inngríp með stefnumótum og úrræðum til að breyta högum fólks. Ef til vill væri þá betra finna þá hópa sem búa við takmarkaðan hreyfanleika og leita leiða til að fjölga tækifærum þeirra. Þá hefur hreyfanleikinn áhrif á ójöfnuð í lífskjörum sem þversniðsrannsóknir á tekjudreifingu fanga ekki þar sem lífskjör fólks mótast ekki aðeins af þeim tekjum sem fólk hefur á tilteknum tímamarki heldur af því hvernig tekjur þeirra þróast yfir tíma.

Þó efnahagslegur hreyfanleiki gefi vissa vísbendingu um hve opið samfélagið og hagkerfið eru hvað varðar möguleika fólks á að bæta hag sinn er mikil hreyfanleiki ekki endilega góðs viti. Hreyfanleiki kemur vissulega oft til af góðu, svo sem að fólk fái launahækkun, stöðuhækkun, nýtt starf og rati í hjúskap svo dæmi séu nefnd um atburði í lífi fólks sem geta vænkað hag þess. Á hinn bóginn geta tekjur lækkað vegna atvinnu- eða heilsumissis og fólk sem býr við lítið atvinnuöryggi og skiptir títt um störf getur sveiflast upp og niður í tekjum með hverju starfi. Fólk í slíkum aðstæðum býr við afkomuó-öryggi og óstöðugleika sem er slæmt í sjálfu sér. Jafnvel gleðilegir viðburðir, eins og barneignir, geta þrengt verulega að fjárhag fólks.

Orsakir og eðli efnahagslegs hreyfanleika á Íslandi eru ekki viðfangsefni þessarar greinar en það er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki endilega betra að hreyfanleikinn sé mikill þó það sé heldur ekki heppilegt að hann sé of lítill. Markmiðið í þessari grein er einfaldlega að greina efnahagslegan hreyfanleika á Íslandi almennt og sjá hvert niðurstöðurnar beina okkur varðandi frekari rannsóknir á þessu sviði.

¹ Aðgangurinn að gögnunum var styrktur af forsætisráðuneytinu í gegnum rannsóknarverkefnið Samfélagslegur kostnaður af fátækt.

Rannsóknarspurningarnar sem verður svarað í þessari grein eru eftirfarandi:

1. Hve mikill er efnahagslegur hreyfanleiki frá ári til árs?
2. Hefur hann aukist eða minnkað á 21. öldinni?
3. Er hreyfanleikinn mismikill á ólíkum stöðum í tekjudreifingunni?
4. Dregur hreyfanleikinn úr ójöfnuð til lengri tíma?

Fræðilegt samhengi

Félagsfræðin á sér langa sögu af rannsóknum á félagslegum hreyfanleika á milli kynslóða þar sem breytingar á félagslegri stöðu fólks eru greindar út frá breytingum á félagslegri stétt þeirra á milli tveggja tímamarkta, oft á milli unglings- og fullorðinsáranna (Breen, 2005; Breen og Müller, 2020; Bukodi og Goldthorpe, 2018; Erikson og Goldthorpe, 1992). Efnahagslegur hreyfanleiki er náskyld hugtak sem er þó að nokkru leyti eðlisólíkt. Efnahagslegur hreyfanleiki getur, eins og félagslegur hreyfanleiki, verið algildur (e. *absolute*) eða afstæður (e. *relative*).

Hvað varðar félagslegan hreyfanleika merkir algildur hreyfanleiki einfaldlega allt fólk sem endar í annarri stéttarstöðu en það byrjaði í. Það getur gerst af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna breytinga á stéttskiptingunni, svo sem að einstaklingum fækkar í tiltekinni stétta en fjölgar í annarri og fólk færast á milli stétta vegna þessa. Í annan stað er félagslegt gegndræpi (e. *social fluidity*) sem vísar til þess hve auðvelt er að færa sig úr einni stétt í aðra. Í þessu samhengi vísar algildur félagslegur hreyfanleiki til alls þess hreyfanleika sem mælist, hvort sem það er vegna breytinga á stærð stétta eða vegna gegndræpis. Afstæður félagslegur hreyfanleiki er sá hluti hreyfanleikans sem kemur til vegna gegndræpis og er til marks um hve opið eða lokað stéttakerfi samfélagsins er.

Efnahagslegur hreyfanleiki snýst um tekjur (Shorrocks, 1978). Þegar við tölum um algildan hreyfanleika erum við í raun að tala um allar breytingar sem verða á tekjum. Í þessu samhengi fellur efnahagslegur hreyfanleiki saman við annað hugtak, breytileiki tekna sem nær yfir allar breytingar sem verða á tekjum hvort sem þær eru til hækkunar eða lækkunar, stórar eða smáar, vegna breytinga á vinnutíma, vegna launahækkana eða lækkana, vegna breytinga á kjörum vegna þess að fólk skiptir um starf eða vinnuveitanda eða fær stöðuhækkanir. Það þýðir að undir þetta falla einnig hugtök eins og tekjuóvissa og afkomuóöryggi.

Afstæður efnahagslegur hreyfanleiki snýst hins vegar um breytingar á tekjum sem færa fólk til í tekjudreifingunni (Jenkins, 2011). Oftast er miðað við breytingar sem færa einstaklinga á milli mismunandi tíundarhluta tekjudreifingarinnar. Það er ekki þar með sagt að efnahagslegur hreyfanleiki endurspegli gegndræpi mismunandi tíundarhluta tekjudreifingarinnar enda endurspegla þeir ekki samfélagslega hópa á þann hátt sem félagslegar stéttir gera. Það sem er þó sammerkt með afstæðum efnahagslegum og félagslegum hreyfanleika er að báðir eru núllsummuleikir (e. *zero-sum game*). Til að einhver færast upp verður einhver annar að færast niður. Í sínu algilda formi eru hvorki félagslegur né efnahagslegur hreyfanleiki núllsummuleikir því félagslegur hreyfanleiki getur leitt af breytingu á hlutfallslegri stærð stétta en efnahagslegur hreyfanleiki getur leitt af breytingum á hagsæld sem og skammtíma breytingum á dreifingu tekna.

Dreifing tekna hefur verið rannsökuð umtalsvert á Íslandi (sjá til dæmis Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009; Stefán Ólafsson, 2006; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Fyrir utan fræðilegar rannsóknir á tekjudreifingu heldur Hagstofa Íslands utan um ýmsa tölfræði er varðar hana, svo sem Gini-stuðul jafngildra ráðstöfunartekna á grundvelli evrópsku lífskjararannsóknarinnar (Hagstofa Íslands, e.d.a; Eurostat, N.d.) sem og tölfræði um tekjur sem byggir á skattagögnum (Hagstofa Íslands, e.d.b). Akademískar rannsóknir og tölfræði Hagstofunnar hafa gert okkur kleift að fylgjast með þróun tekjudreifingarinnar frá ári til árs og það hafa oft verið nokkur tímindi í tölunum. Þannig vikkaði tekjudreifingin skarpt á milli 2004 og 2007, á útrásartímanum svokallaða, en dróst svo snarlega saman í kjölfar hrunsins og hefur flókt nær stefnulaust síðan þó greina megi örliða leitni í áttina að auknum ójöfnuði (Hagstofa Íslands, e.d.a).

Eins upplýsandi og þessar rannsóknir eru þá hafa þær þann annmarka að byggja á sneiðmyndum af tekjudreifingunni á grundvelli árstekna. Við vitum hins vegar að lífskjör fólks á tilteknum tímapunkti mótast ekki aðeins af þeim tekjum sem það hefur á árinu sem um ræðir heldur einnig af því hvernig þróun tekna þeirra er yfir tíma (Nolan & Whelan, 2011). Við vitum líka að tekjur einstaklinga eru breytilegar frá ári til árs. Margt fólk reynir svo að mæta þessum sveiflum með því að tekjujafna (e. *income smoothing*), til dæmis ganga á sparifé eða steypa sér í skuldir þegar tekjurnar lækka en leggja fyrir og greiða niður skuldir þegar þær hækka. Fyrir vikið má ætla að það gefi réttari mynd af lífskjörum fólks að miða við lengri tekjutímabil en eitt ár.

Þessi breytileiki tekna er það sem drífur efnahagslegan hreyfanleika. Frá einu ári til annars eru einstaklingar sem færast ofar í tekjudreifinguna af því tekjur þeirra hækka en aðrir færast neðar af því tekjur þeirra lækka. Þessar hreyfingar valda því svo að fólk sem hverra tekjur breytast ekki færast engu að síður til í tekjudreifingunni af því annað fólk færast upp eða niður fyrir það.

Efnahagslegur hreyfanleiki er ekki fasti heldur mismunandi á milli einstaklinga, á milli landa og yfir tíma innan sama lands. Þannig er e innan Evrópu efnahagslegur hreyfanleiki minnstur á Norðurlöndunum. Þar á eftir kemur meginland Vestur Evrópu. Efnahagslegur hreyfanleiki er hins vegar einna mestur á Bretlandseyjum og Suður Evrópu (Aaberge, o.fl., 2002; Gangl, 2005; (OECD, 2018). Rannsóknir benda til þess að það séu nokkrir þættir sem skýri af hverju efnahagslegur hreyfanleiki er mismunandi á milli landa.

Þar sem allur þorri fólks hefur stærstan hluta tekna sinna í formi atvinnutekna hefur stofnanaumgjörð launamyndunar mikil áhrif. Á Norðurlöndunum dregur fyrirkomulag kjarasamninga úr ójöfnuði í atvinnutekjum en getur á móti dregið úr möguleikum fólks á að bæta kjör sín (Aaberge, o.fl., 2002; Björklund & Jäntti, 2011; Gangl, 2005; OECD, 2018). Norræna vinnumarkaðsmódelið svokallaða dregur þannig úr efnahagslegum hreyfanleika.

Velferðarkerfið hefur einnig áhrif. Öflugt öryggisnet í formi atvinnuleysisbóta, sjúkratrygginga og örorkulífeyris draga úr tekjufalli einstaklinga sem missa vinnu eða starfsgetu (Burchardt, 2005; Gangl, 2004 og 2006; OECD, 2011) og draga þar með úr efnahagslegum hreyfanleika, einkum niður á við. Virkniaukandi aðgerðir hjálpa hins vegar sömu einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn og draga því úr varanleika tekjufallsins stuðla þannig að efnahagslegum hreyfanleika þessara einstaklinga þegar þeir hafa náð sér á strik (Gangl, 2006; OECD, 2018). Þessir þættir hafa einnig áhrif á samband hagsveiflunnar og efnahagslegs hreyfanleika, en öflugt öryggisnet dregur úr áhrifum niðursveiflu á tekjufall og þar með á efnahagslegan hreyfanleika (Dynam, Elmendorf & Sichel, 2012; Jäntti & Jenkins, 2016).

Lífshlaupið hefur áhrif á efnahagslegan hreyfanleika. Þannig hækka tekjur gjarnan mest á fyrstu árunum eftir að námi líkur en hvernig það spilast út í hverju landi ræðst einkum af því hvenær fólk hefur starfsferilinn og hvernig umgjörð vistaskiptanna úr námi og á vinnumarkaði er háttáð. Frá makrósjónarhorninu eru einkum þrennt sem hafa áhrif á muninn á milli landa hvað varðar efnahagslegan hreyfanleika. Það fyrsta er aldursamsetning íbúanna, en því herra hlutfall fólks sem er í upphafi starfsferils síns því meiri mælist efnahagslegur hreyfanleiki frá ári til árs. Laun hækka gjarnan minna í upphafi starfsferilsins í löndum þar sem er rík áhersla á starfs- og iðnnám en meira í löndum sem leggja áherslu á almenna og akademíska menntun. Það dregur úr efnahagslegum hreyfanleika í fyrrnefndu löndunum en eykur hann í þeim síðarnefndu. Skrefið úr menntakerfinu og yfir á vinnumarkaðinn gengur þó oft betur í löndum sem leggja áherslu á iðn- og starfsmenntun en í löndum þar sem ráðningarvernd þannig að það er erfitt að segja upp starfsfólki geta hamlað ungu fólki í að taka þetta skref þar sem atvinnurekendur eru oft tregir til að ráða ungt og óreynt vinnuafl (Blossfeld, Buchholz, Bukodi, & Kurz, 2008; Gangl, 2002; Saar, Unt, & Kogan, 2008).

Barneignir hafa einnig áhrif á tekjur, einkum kvenna sem verða gjarnan fyrir tekjufalli í kjölfar barneigna. Áhrifin eru þó misjöfn á milli landa og ræðst af stofnanaumgjörðinni og þeirri þjónustu og úrræðum sem eru í boði. Í löndum þar sem fæðingarorlofið er langt og aðgengi að daggæslu takmarkað leiða barneignir til tekjufalls á meðal kvenna og hafa langvarandi áhrif á þróun tekna

þeirra. Þetta eykur mældan efnahagslegan hreyfanleika vegna hreyfanleika mæðra niður á við í tekjudreifingunni. Í löndum þar sem örlátu fæðingarorlofi er fylgt eftir með öflugum daggæslukerfi er tekjufallið minna og langtímaáhrifin mjög takmörkuð. Það dregur úr efnahagslegum hreyfanleika. Í löndum þar sem fæðingarorlof er stutt og daggæsla af skornum skammti snúa gjarnan fljótt aftur á vinnumarkaðinn til að forðast tekjufall en búa við aukinn breytileika tekna til lengri tíma litið. Það ýtir í heildina undir efnahagslegan hreyfanleika (Aisenbrey, Evertsson, & Grunow, 2009; Gangl & Ziefle, 2009)

Að lokum skiptir samsetning atvinnulífsins umtalsverðu máli. Í löndum þar sem hátækniiðnaður og þekkingardrifið atvinnustarfsemi er mikil er sterkari tilhneiging til að tekjur hækki yfir tíma sem felur í sér aukinn efnahagslegan hreyfanleika. Í löndum þar sem hverskyns þjónustustarfsemi sem krefst lítillar færni er fyrirferðarmikil er minni efnahagslegur hreyfanleiki, einkum í neðri hluta tekjudreifingarinnar (Breen & Müller, 2020; Bukodi & Goldthorpe, 2018).

Það er ekki mikið af rannsóknum sem hafa rakið þróun efnahagslegs hreyfanleika á fyrsta fjórðungi 21. aldarinnar. Í Bandaríkjunum eru vísbendingar um að óstöðugleiki tekna hafi haldist fremur stöðugur (Hardy & Ziliak, 2014) eða aukist lítillega á fyrsta áratug aldarinnar (Dyner, Elmendorf, & Sichel, 2012), einkum á meðal lágtekjufólks. Að öðru óbreyttu ætti það að þýða að efnahagslegur hreyfanleiki hafi verið stöðugur eða aukist lítillega. Efnahagslegur hreyfanleiki virðist einnig hafa verið nokkuð stöðugur í Evrópu á sama tíma en að það hafi verið munur á milli landa þar sem efnahagslegur hreyfanleiki var minnstur í Norður Evrópu en mestur í Suður Evrópu (Jenkins & Van Kerm, 2006). Alþjóðlega fjármálakreppan sem hófst haustið 2007 jók óstöðugleika tekna og þar með efnahagslegan hreyfanleika—einkum niður á við—í öllum löndum vegna fjölda fólks sem upplifði tekjufall en mismikið þó. Óstöðugleikinn jókst mest í löndum með veik velferðarkerfi en minnst í löndum með sterk velferðarkerfi (Immervoll, Jenkins, & Königs, 2015).

Efnahagslegur hreyfanleiki dregur úr ójöfnuði að því marki sem veikara samband er á milli tekna fólks á tveimur tímamörkum. Ef það er ekkert samband þar á milli leiðir efnahagslegur hreyfanleiki á endanum til þess að tekjur allra verða þær sömu yfir lengri tímabil. Við vitum hins vegar að svo er ekki. Þó tekjur breytist frá einum tíma til annars eru breytingarnar oft hóflegar þannig að tekjur á fyrri tímamörkum hafa umtalsvert spágildi fyrir tekjur á seinni tímamörkum og það sama á við um staðsetningu fólks í tekjudreifingunni (Fields & Ok, 1996; Jäntti & Jenkins, 2016). Áhrif efnahagslegs hreyfanleika eru því líklegri til að draga úr ójöfnuði á lengri tímabilum fremur en að eyða ójöfnuði. Hve mikil áhrif efnahagslegs hreyfanleika ræðst af ýmsum þáttum, svo sem hvort breytingarnar eru tímabundnar eða langvarandi, hve stórar breytingarnar eru og hve hátt hlutfall fólks sér tekjur sínar hækka eða lækka umtalsvert. Í Bretlandi virðist fólk í flestum tilfellum ekki færast langt í tekjudreifingunni, oftast en ekki upp um eitt eða tvö tíundarbil, og umtalsverður hluti fellur fljótleiga aftur niður í fyrri stöðu (Jenkins, 2011)

Þá er ekki sjálfgefið að hreyfanleikinn sé sá sami yfir alla tekjudreifinguna. Þannig getur efnahagslegur hreyfanleiki verið minni nær toppi eða botni hennar. Það fyrra bendir til að hátekjuhóparnir séu á einhvern hátt varðir þannig að tekjur þeirra séu ólíklegri til að falla og/eða að það séu þröskuldar sem hamli því að nýtt fólk bætist í hópinn. Það seinna er vísbending um fátæktargildru sem festa fólk á botni tekjudreifingarinnar (Benabou & Ok, 2001; Blanden & Machin, 2008; Jenkins & Van Kerm, 2006).

Rannsóknir benda til þess að á bakvið tölur sem sýna oft stöðugan vöxt mið- og meðaltekna sé umtalsverðar sviptingar á högum einstaklinga sem lækka eða hækka oft umtalsvert í tekjum á milli ára. Til dæmis sýndi skýrsla Pew rannsóknarstofnunarinnar að árstekjur um 34% bandarískra heimila breyttust um 25% eða meira á milli árána 2014 og 2015 (Sladky, 2017). Í nýrri grein sem byggir á evrópsku lífshæðisrannsókninni (EU-SILC) að í Grikklandi, Ítalíu, Portúgal og Spáni lenda um fimmtungur eða meira af starfandi einstaklinga í tekjufalli sem nemur meira en 20% á milli ára og hlutfallið var jafnvel enn hærra í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar undir lok fyrsta áratugar þessarar aldar (Parma, Matsaganis, Montanari, & Ranci, 2025; sjá einni OECD, 2023).

Þessi mikli breytileiki tekna birtist ekki endilega skýrt í mælingum á afstæðum hreyfanleika því breytingar á stöðu einstaklinga í tekjudreifingunni ráðast ekki aðeins af breytingum á tekjum þeirra heldur einnig af breytingum á tekjum annarra (Königs & Terrero-Dávila, 2025). Þó rannsóknir sýna að afstæður efnahagslegur hreyfanleiki sé umtalsverður er umtalsverður hópur sem hreyfist ekki (Jenkins, 2011; Königs & Terrero-Dávila, 2025; OECD, 2018) og stærstur hluti þeirra sem hreyfast færast upp eða niður um eitt tekjubil (Bradbury & Katz, 2009; Jenkins, 2011). Þá er hreyfanleikinn mestur í kringum miðju tekjudreifingarinnar en það eru vísbendingar um að það sé meiri fastheldni (e. *stickyness*) í efstu og neðstu hlutum tekjudreifinga (OECD, 2018). Að lokum er mikið af afstæðum efnahagslegum hreyfanleika tímabundinn (Jenkins, 2011; OECD, 2018). Fyrir vikið hefur efnahagslegur hreyfanleiki gjarnan hófleg áhrif á ójöfnuðu þó hann dragi að einhverju leyti úr honum (Fields, 2008; Jäntti & Jenkins, 2016; Shorrocks, 1978).

Að ofangreindu legg ég fram eftirfarandi tilgátur:

- T1. Umtalsverður hluti fólks upplifir stórar breytingar á tekjum frá ári til árs.
- T2. Afstæður efnahagslegur hreyfanleiki frá ári til árs er umtalsverður.
- T3. Hreyfanleikinn er þó að mestu leyti um eitt tekjutíundarbil.
- T4. Umtalsverður hluti af hreyfingum á milli tekjubila ganga til baka á næstu árum.
- T5. Efnahagslegur hreyfanleiki hefur verið stöðugur það sem af er 21. Öldinni.
- T6. Efnahagslegur hreyfanleiki er mestur í kringum miðju tekjudreifingarinnar.
- T7. Efsta og neðsta tekjutíundin eru fastheldnari en aðrir hlutar tekjudreifingarinnar.
- T8. Af ofangreindu leiðir að efnahagslegur hreyfanleiki hefur hófleg áhrif til jöfnunar lífskjara.

Gögn og aðferðir

Greiningarnar sem eru birtar í þessari grein byggja á skráargögnum frá Hagstofu Íslands. Gögnin innihalda upplýsingar um alla sem voru skráðir með búsetu landinu hvert ár frá og með árinu 2000 og til og með ársins 2023, svo sem tekjur, menntun, uppruna, búsetu og fjölskylduhagi. Í þessari grein er aðeins notast við þá einstaklinga sem voru með skráða búsetu á Íslandi allt árið hvert ár. Ástæðan er sú tekjuupplýsingarnar eru á ársgrundvelli en einstaklingar sem koma til landsins eða yfirgefa það eða deyja á árinu eru ekki með fullt tekjuár sem leiðir til vanmats á tekjum þeirra og mögulega til ofmats á efnahagslegum hreyfanleika þeirra næsta ár á eftir þegar þeir eru með fullt tekjuár.

Þá er þekkt að Þjóðskrá inniheldur fleiri einstaklinga en eru í raun og veru búsettir á landinu. Hagstofa Íslands hefur notað aðferðir til að reyna að hreinsa slíka einstaklinga úr skránum fyrir sínar útgáfur (Hagstofa Íslands, e.d.c). Höfundur hefur ekki sama aðgang að skrá og Hagstofan og því brá hann á það ráð að nota tekjuupplýsingar sem vísbendingu um svokallað lífsmark og allar fjölskyldur þar sem engin hafði neinar tekjur voru hreinsaðar úr gögnunum á þeim forsendum að þær væru sennilega ekki á landinu.

Fyrir greiningar á áhrifum breytileika tekna og efnahagslegan hreyfanleika eru gögnin afmörkuð enn frekar. Fyrir þær greiningar er nauðsynlegt að allir einstaklingar í gögnunum birtist í þeim í að minnsta kosti fimm ár samfleytt til að tryggja að niðurstaðan endurspegli áhrif tekjutímabilsins sem er til skoðunar fremur breyttrar samsetningar úrtaksins. Ástæðan fyrir því að ég takmarka mig hér við fimm ár er að því fleiri ár sem eru undir, því fleira fólk þarf að fjarlægja úr gögnunum sem eykur líkurnar á bjaga og þá sér í lagi varðandi innflytjendur, eldra fólk og ung börn.

Tekjur eru lykilbreytan í þessari rannsókn. Tekjuskilgreiningin sem hér er notast við er jafngildar heildartekjur (hér eftir „tekjur“). Sú mæling er fengin með því að leggja saman allar tekjur allra fjölskyldumeðlima (launatekjur, tekjur af eigin atvinnustarfsemi, fjármagnstekjur, allar greiðslur frá almannatryggingum, greiðslur úr lífeyrissjóðum, útgreiðslur séreignarsparnaðar, atvinnuleysisbætur, húsnæðisbætur, fjölskyldubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og svo ýmsar sjaldgæfari tilfallandi greiðslur sem eru framtalsskyldar. Tekjur sem eru undanskildar eru tilfærslur sem eiga sér stað á milli

fjölskyldna, svo sem greiðslur frá foreldrum til barna sem búa utan heimilis sem eiga sér ekki stað fyrir milligöngu hins opinbera enda koma slíkar greiðslur hvergi fram í opinberum skráum. Við það verður því ekki ráðið) og deila þeim svo aftur upp á meðal fjölskyldumeðlima samkvæmt breyttum jafngildiskvarða OECD (Eurostat, e.d.). Samkvæmt þeim jafngildiskvarða fær fyrsti einstaklingur í fjölskyldu sem er 14 ára eða eldri vægið 1, aðrir á sama aldri fá vægið 0,5 og allir einstaklingar undir 14 ára aldri fá vægið 0,3. Markmið jafngildiskvarða er gera tekjur ólíkra heimila sambærilegar með því að taka tillit til stærðarhagkvæmni og ólíkrar útgjaldaþarfar mismunandi fjölskyldugerða.

Ef við gefum okkur tvær fjölskyldur, báðar með 1.000.000 krónur í heildartekjur á mánuði. Önnur fjölskyldan samanstendur af barnlausu fullorðnu pari en hin af pari með 3 börn. Það er ljóst að sömu tekjur skila þeim ekki sömu lífskjörum. Við notum jafngildiskvarðann til að gera tekjurnar sambærilegar:

- Jafngildar heildartekjur fyrri fjölskyldunnar eru: $1.000.000 \text{ kr.} / (1+0,5) = 666.667$ krónur á mánuði.
- Jafngildar heimilistekjur seinni fjölskyldunnar eru $1.000.000 \text{ kr.} / (1+0,5+(2*0,3)) = 476.190$ krónur á mánuði.

Milljón á mánuði skilar þannig barnlausa parinu um 40% betri lífskjörum en tveggja barna foreldrunum.

Það er vafaatriði hvort þessi tiltekni jafngildiskvarði gefur rétt mat á útgjaldaþörfum og stærðarhagkvæmni Íslenskra heimila. Nýleg grein Guðrúnar Svavarsdóttur o.fl. (2025) bendir til þess að hinn breytti jafngildiskvarði OECD vanmeti nokkuð stærðarhagkvæmni heimila ef miðað er við mat fólks á útgjaldaþörf heimila sinna. Þar eð val á jafngildiskvarðum getur haft áhrif á niðurstöður (Svavarsdóttir, Ásgeirsdóttir, Clark, & Stefánsson, 2025) verður hér notast við hinn breytta jafngildiskvarða OECD þar sem það er sá kvarði sem er mest notaður í tekjurannsóknunum og er meðal annars sá jafngildiskvarði sem Hagstofa Íslands notar í sínum útgáfum. Þetta er varkært val á jafngildiskvarða en frekari rannsókn er þörf á eiginleikum jafngildiskvarða Guðrúnar Svavarsdóttur sem lofar engu að síður góðu.

Að lokum er leiðrétt fyrir verðlagsþróun en allar tekjur eru á verðlagi ársins 2023. Það er nauðsynlegt til að fá rétta mynd af breytileika tekna og efnahagslegum hreyfanleika enda ljóst að 3% hækkun á tekjum ef verðlag hækkar að sama skapi um 3% er engin breyting í raun og veru. Ástæðan fyrir því að nota jafngildar tekjur en ekki til dæmis atvinnutekjur er að fyrrnefnda tekjuhugtakið fangar betur lífskjör fólks og nálgast þá tekjuskilgreiningu sem liggur til grundvallar mælinga á ójöfnuði, sem er eitt af viðfangsefnum þessarar rannsóknar.

Tölfræðigreiningar eru allar fremur einfaldar, svo sem meðaltöl, miðgildi, prósentur og Gini-stuðlar. Áhrif efnahagslegs hreyfanleika á ójöfnuð eru mæld með því að bera tekjudreifinguna á tilteknu ári saman við tekjudreifingar sem byggja á meðaltekjum fleiri samliggjandi ára.


Niðurstöður

Við byrjum á að skoða þróun tekna yfir tíma. Þegar tímabilið er skoðað í heild hækkuðu tekjur um 1,5% að meðaltali en 2,4% að miðgildi á milli hverra tveggja ára. Það er hóflegur vöxtur. Vöxturinn hefur ekki verið stöðugur yfir tíma. Það hafa verið samdráttarskeið sem og ár þar sem vöxturinn var mun meiri.

Mynd 1 sýnir meðaltal og miðgildi breytinga á tekjum frá einu ári til annars. Á henni má sjá að á milli 2000 og 2001 hækkuðu tekjurnar um 3,1% að meðaltali en árin á eftir batna kjör fólk jafnvel enn meira á milli ára og á milli 2006 og 2007 hækkuðu tekjurnar um 6,5% að meðaltali. Hækkun meðaltalanna er mun stöðugri en hækkun miðgildisins á milli 2000 og 2007 sem segir okkur hækkunin var mun stöðugri í efri hluta tekjudreifingarinnar en í þeim neðri. Það kemur heim og saman við það sem við vitum um þróun tekjudreifingarinnar á þessu tímabili (Hagstofa Íslands, e.d.a).


Svo kom hrún og tekjur fólks lækkuðu. Frá 2007-8 var lækkunin hófleg, eða 2,8% að meðaltali og 1,5% að miðgildi, enda féllu bankarnir síðla árs 2008. Breytingarnar á milli 2008 og 2009 og á milli 2009 og 2010 voru hins vegar þungt högg fyrir meðal einstaklinginn. Fyrst lækkuðu tekjurnar um 8,1% að meðaltali og 10,8% að miðgildi, svo um 6,5% að meðaltali og 9,8% að miðgildi. Þetta segir að hlutfallsleg lækkun var meiri í neðri hluta tekjudreifingarinnar en í þeim efri. Engu að síður dróst tekjudreifingin saman á þessum tíma (Hagstofa Íslands, e.d.a) sem skýrist af því að tekjurnar í efri hluta dreifingarinnar lækkuðu meira í krónum talið.

Mynd 1. Breytingar á meðaltali og miðgildi jafngildra heildartekna frá einu ári til annars.



Á milli 2010 og 2011 byrjuðu tekjurnar svo að hækka aftur en þó fremur hóflega. Árið eftir lækkuðu þær svo lítillega en héldu svo áfram að vaxa eftir það. Vöxturinn jókst jafnframt frá ári til árs fram til ársins 2016. Á milli 2012 og 2013 hækkuðu tekjurnar um 1,7% að meðaltali og 1,9% að miðgildi en frá 2015 til 2016 hækkuðu þær um 7,2% að meðaltali og 7,3% að miðgildi. Eftir það hægði á vextinum en aldrei svo að tekur drægjust saman. Það er athyglivert að það skýrist ekki eingöngu af Covid enda byrjaði að hægja á vextinum áður en plágan gerði vart við sig á Íslandi.

Mynd 2. Hlutfall fólks sem upplifði >10% hækkun eða lækkun á jafngildum heildartekjum frá einu ári til annars.



Heilt yfir má segja að til lengri tíma einkennist þróun tekna á Íslandi af hóflegum vexti en þegar þróunin er skoðuð frá ári til árs má sjá umtalsverðar sveiflur og sum ár eru breytingarnar umtalsverðar fyrir meðal einstaklinginn, bæði til hækkunar og lækkunar.

Meðal einstaklingurinn segir þó aðeins hálfra sögu. Það er líka nauðsynlegt að skoða jarðrana. Mynd 2 sýnir hlutfall einstaklinga hverra tekjur hækkuðu eða lækkuðu um að minnsta kosti 10% á milli ára, sem er algengur þröskuldur í rannsóknum sem þessari og er ætlað að fanga umfang umtalsverðra hækkunar eða lækkunar tekna.

Myndin sýnir að flest ár eru mun fleiri sem upplifa verulega hækkun en lækkun tekna. Á þessu verður tímabundinn viðsnúningur í kjölfar hrunsins. Á tímabilinu 2001 til 2007 hækkaði hlutfall þeirra hverra tekjur hækkuðu umtalsvert og hlutfall þeirra sem sáu tekjurnar lækka að sama marki lækkaði einnig nokkuð. Annað slíkt tímabil hófst árið 2012 en þá hækkaði hlutfall þeirra sem nutu umtalsverðra hækkana fram til ársins 2016 og að sama skapi lækkaði hlutfallið sem varð fyrir umtalsverðu tekjufalli. Sú þróun snerist svo við eftir 2016 og frá 2019 voru hlutföllin nokkuð stöðug.

Það sem þetta segir okkur er að það er ekki aðeins umtalsveður munur á milli ára, eins og við sáum í mynd 1, heldur eru miklar hreyfingar undir yfirborðinu sem meðaltöl og miðgildi fanga ekki þar sem meirihluti fólks er að upplifa stærri breytingar á tekjum sínum en miðsækni mælingarnar sýna. Ef þróun tekna virðist almennt stöðug á sléttu yfirborðinu þá leikur Týkhó lausum hala undir því.

Nú höfum við skoðað breytileika tekna sem gefur mynd af algildum efnahagslegum hreyfanleika. Afstæður efnahagslegur hreyfanleiki snýst hins vegar um hvernig fólki vegnar í samanburði við aðra, það er hvort fólk færir upp eða niður í tekjudreifingunni.

Tafla 1. Hreyfingar á milli tekjutíunda frá einu ári til annars á tímabilinu 2000 til 2023.

		Seinna ár									
		Neðsta tíund	2. tíund	3. tíund	4. tíund	5. tíund	6. tíund	7. tíund	8. tíund	9. tíund	Efsta tíund
Fyrri ár	Neðsta tíund	57,0%	17,1%	7,0%	4,6%	3,5%	2,7%	2,2%	2,1%	1,8%	1,9%
	2. tíund	18,1%	48,0%	17,6%	6,9%	3,5%	2,0%	1,4%	1,0%	0,9%	0,8%
	3. tíund	7,2%	18,9%	41,8%	17,4%	6,8%	3,4%	1,8%	1,2%	0,9%	0,8%
	4. tíund	4,3%	7,9%	18,7%	36,6%	17,8%	7,4%	3,5%	1,8%	1,2%	0,9%
	5. tíund	2,9%	3,8%	8,0%	19,8%	34,0%	17,9%	7,4%	3,3%	1,7%	1,2%
	6. tíund	2,1%	2,1%	3,7%	8,6%	20,7%	33,5%	17,9%	6,9%	2,9%	1,5%
	7. tíund	1,7%	1,3%	1,8%	3,6%	8,6%	21,4%	35,2%	18,3%	6,0%	2,2%
	8. tíund	1,4%	0,8%	1,1%	1,8%	3,5%	8,2%	21,9%	39,3%	17,9%	4,3%
	9. tíund	1,1%	0,6%	0,7%	1,0%	1,5%	2,8%	6,9%	21,7%	48,4%	15,4%
	Efsta tíund	1,1%	0,5%	0,5%	0,8%	1,0%	1,3%	2,1%	4,4%	18,1%	70,2%

Tafla 1 nýtir gögnin fyrir öll árin 2000 til 2023 og sýnir hlutfall hvar fólk sem var í tilteknum tíundarhluta tekjudreifingarinnar á fyrri ári var stadd í dreifingunni ári seinna. Myndin sýnir í senn allnokkurn hreyfanleika á milli ára en engu að síður er viss stöðugleiki. Breytileikinn kemur fram í því að meirihluti fólks í átta af tíu tekjubílum á fyrri ári er í öðru tekjubili árið eftir. Aftur á móti kemur stöðugleikinn fram í því að hæst hlutfall fólks á hverju bili er að sama bili árið eftir og stærstur hluti þeirra sem eru það ekki færast upp eða niður eitt tekjubil. Stærri stökk eru mun fátíðari.


Tilhneigingin til að vera í sama tíundarbili tvö ár í röð er sterkust á sitthvorum endum tekjudreifingarinnar. Það segir okkur að efnahagslegur hreyfanleiki er mestur í kringum miðju tekju-

dreifingarinnar (4.-7. tíund) en minnkar þegar við nálgumst enda dreifingarinnar. Hreyfanleikinn er þannig minnstur í efstu og neðstu tekjutíund og sínu minni í þeirri efstu en þeirri neðstu. Það gæti verið vísbending um fastheldni (e. *stickiness*) þessara tekjubila, það er að það sé erfiðara að vinna sig upp úr neðsta tekjubilinu en þeim fyrir ofan og auðveldara að verjast því að falla niður úr því efsta. Hér verður þó að huga að því að það er aðeins ein leið út úr þessum tekjubilum á meðan fólk á öðrum tekjubilum getur færst bæði upp og niður.

Ef við berum hlutfall þeirra sem vinna sig upp úr neðstu tekjutíund á milli ára saman við hlutfall þeirra sem vinna sig upp úr hærri tekjubilum sjáum við að hreyfanleikinn upp er mestur í neðsta tekjubilinu. Tæp 43% þeirra sem voru í neðsta tekjubili á fyrra ári voru í hærri tekjubili árið eftir. Hlutfallið lækkar svo með hverju tekjubilinu og aðeins 15,4% þeirra sem voru í næst efsta tekjubilinu á fyrra ári voru í hæsta tekjubilinu ári seinna. Heilt yfir bendir þetta ekki til þess að fastheldni neðsta tekjubilsins sé meiri en annarra tekjubila. Ef eitthvað er þá verður erfiðara að vinna sig upp um tekjubil því ofar í tekjudreifinguna sem við förum. Aukin fastheldni efstu tekjubilana á sér þó vissu skýringu í eðli tekjudreifinga, bilin eru lengri því ofar sem við förum í tekjudreifinguna og þá sérstaklega í tekjubilunum.

Næst snúum við okkur að því hvernig efnahagslegur hreyfanleiki hefur þróast yfir tíma. Mynd 3 sýnir hlutfall fólks sem a) er á sama tíundabili tvö ár í röð, b) færast upp eða niður um eitt tekjubil á milli ára sem hlutfall af öllum, og 3) sem hlutfall af þeim sem færast á milli tekjubila.

Mynd 3. Hlutfall sem hreyfist ekki og sem hreyfist bara til um eitt tekjubil.




Hlutfall þeirra sem færast ekki á milli tekjubila var hærri á milli 2022 og 2023 en það var á milli 2000 og 2001 (48,5% samanborið við 42%). Breytingin átti sér einkum stað á milli 2009 og 2011. Hlutfall fólks sem færðist aðeins upp eða niður um eitt tekjubil hélst hins vegar tiltölulega stöðugt yfir tíma. Um 60% af efnahagslegum hreyfanleika á milli ára er skammdrægur, það er upp eða niður um eitt tíundarbil. Frá 2000 til 2001 voru aðeins 26% einstaklinga sem fluttust til um tvö eða fleiri tekjubil en á milli árunna 2022 og 2023 var hlutfallið komið niður í tæp 19%. Heilt yfir eru þetta ekki stórar breytingar en þær benda þó til að það hafi dregið aðeins úr efnahagslegum hreyfanleika það sem af er þessari öld.

Mynd 4 skoðar efsta og neðsta hluta tekjudreifingarinnar sérstaklega, það er hvort fastheldni þessara tekjubila hafi breyst yfir tíma. Appelsínugula línan sýnir hlutfall fólks sem vinnur sig upp úr neðsta tekjubili á milli tveggja ára en bláa línan sýnir hlutfall fólks sem fellur niður úr efsta tekjubilinu á milli ára.

Myndin sýnir að fastheldni neðsta tekjubilsins hefur aukist umtalsvert yfir tíma. Þannig tókst tæplega 48% þeirra sem voru í neðstu tekjutíund árið 2000 að vinna sig upp úr henni árið 2001 en


tæplega 34% þeirra sem voru í neðstu tíundinni árið 2022 höfðu unnið sig upp úr henni árið 2023. Það má einnig greina samskonar breytingu í efsta tíundarbilinu en breytingin er þó mun hóflegri. Tæplega 32% þeirra sem voru í neðstu tekjutíund árið 2000 höfðu færst niður úr henni árið 2001 en rúmlega 25% þeirra sem voru í efstu tíund árið 2022 höfðu færst niður úr henni árið 2023. Fastheldni jaðrana hefur þannig aukist yfir tíma og það er önnur vísbending um að það hafi dregið úr efnahagslegum hreyfanleika það sem af er 21. öldinni.

Mynd 4. Hlutfall lægstu tekjutíundar sem kemst upp úr henni og hlutfall efstu tíundar sem fellur niður úr henni á milli ára.



Það eitt að hreyfast upp eða niður um tekjubil á milli tveggja tímamunkta hefur fyrst og fremst áhrif á lífskjör fólks ef breytingin er varanleg. Ef fólk lendir í tímabundnu atvinnuleysi sem færir það neðar í tekjudreifingunni en fær svo svipað launað starf þá eru áhrifin fyrst og fremst tímabundin og eftir einhver ár sér vart högg á vatni. Að sama skapi, ef tekjurnar hækka tímabundið er ekki sjálfgefið að það hafi langvarandi áhrif á lífskjör fólks, sérstaklega ekki ef fólk sér hvalrekan sem „sérstaka peninga“ sem er varið í munað sem fellur ekki undir daglegan rekstur heimilisins (Zelizer, 1989).


Mynd 5. Hlutfall þeirra sem færðust upp eða niður um tekjubil á milli tímamunkta t1 og t2 sem voru komin aftur í sama tekjubil og þeir voru á tímamunkti t1 á tímamunktum t3-6.



Mynd 5 sýnir hlutfall fólks sem hefur hreyfst á milli tekjutíunda á milli tveggja samliggjandi ára sem er komið aftur í sömu tekjutíund þriðja, fjórða, fimmta eða sjötta árið. Myndin sýnir að hreyfingar upp ganga til baka á einu ári fyrir tæplega 30% þeirra sem hreyfðust upp og tæplega 34% sem hreyfðust niður. Því lengri tími sem líður frá upphaflegu hreyfingunni því hærra hlutfall fólks finnur sig aftur í upphafsstöðunni. Fjórum árum eftir upphaflegu hreyfinguna (t6) eru um 43% þeirra sem hreyfðust niður komin aftur í upphaflega tíundarbilið og tæp 38% þeirra sem hreyfðust upp. Þrátt fyrir að meirihluti snúi ekki aftur í upphaflega tíundarbilið fjórum árum seinna þá er umtalsverður hópur sem gerir það en það verður líka að hafa í huga að hluti þeirra sem færðust um tekjubil í fyrstu hreyfingunni voru í raun að snúa aftur í sína upphafsstöðu frá árinu á undan því ári sem skilgreinir upphafsstöðu í þessari greiningu.

Síðasta rannsóknarspurningin sem ætlunin er að svara í þessari grein er hver áhrif efnahagslegs hreyfanleika er á ójöfnuð lífshlaupsins út frá dreifingu tekna. Eins og kom fram í kaflanum um gögn og aðferðir þurfti að takmarka gögnin við einstaklinga sem birtast í gögnunum í að minnsta kosti fimm ár samfleytt. Það getur breytt samsetningu gagnanna og haft áhrif á niðurstöður.

Mynd 6. Gini-stuðlar fyrir gögnin í heild sinni og aðeins þá einstaklinga sem voru í gögnunum í fimm ár eða lengur.



Mynd 6 ber saman þróun Gini-stuðulsins yfir tíma fyrir þá útgáfu af gögnunum sem inniheldur öll sem voru með skráða búsetu í heilt ár á Íslandi og þau þeirra sem birtust í gögnunum fimm ár samfleytt eða lengur. Afmörkun gagnanna leiðir til smávægilegrar lækkunar Gini-stuðulsins en stuðullinn fyrir afmörkuðu gögnin fylgir stuðlinum fyrir heildargögnin engu að síður mjög náið. Afmörkun gagnanna hefur því afar takmörkuð áhrif á mældu tekjudreifingu.


Til að meta jöfnunaráhrif efnahagslegs hreyfanleika byrjum við á því að reikna Gini-stuðullinn fyrir tekjur á nýjasta árinu í gögnunum, 2023. Því næst reiknum við Gini-stuðullinn fyrir meðaltal þess árs og ársins á undan og svo koll af kolli. Í síðustu greiningunni eru fimm ár undir, það er dreifing meðaltals tekna einstaklinga frá og með 2019 og til og með 2023. Því lengra sem tímabilið er, því minni áhrif hafa skammtímabreytingar á niðurstöðuna.

Mynd 7 sýnir að Gini-stuðullinn fyrir eitt ár, árið 2023, var 0,298. Stuðullinn lækkar svo samfara því að árunum sem meðaltekjur eru teknar af fjölgar. Þegar horft er til meðaltekna fimm ára, 2023 og fjögurra ára á undan, er stuðullinn 0,272. Efnahagslegur hreyfanleiki hefur því jafnandi áhrif á lífshlaup fólks en áhrifin eru ákaflega hófleg.

Myndin sýnir líka hver munurinn á Gini-stuðlum var á tveimur fyrri árum eftir lengd tekjutímabils, það er í upphafi tímabilsins 2004 og svo á miðju tímabilinu árið 2013. Jöfnunaráhrifin af lengingu tekjutímabila eru í öllum tilfellum hófleg. Niðurstöðurnar benda hins vegar til þess að

jöfnunaráhrifin af því að lengja tekjutímabilin hafi minnkað yfir tímabilið. Árið 2004 var Gini-stuðullinn þegar miðað var við tekjur árunna 2000 til 2004 15,7% en þegar aðeins var miðað við tekjur ársins 2004. Árið 2013 var Gini-stuðullinn 10,8% lægri þegar miðað var við tekjur árunna 2010-13 en þegar aðeins var horft til ársins 2013. Að lokum var Gini-stuðullinn fyrir árið 2023 8,7% lægri ef það var horft til tekna árunna 2020-23 í samanburði við ef aðeins er miðað við árið 2023. Þetta er eins og við var að búast í ljósi vísbendinga um að það hafi dregið úr efnahagslegum hreyfanleika það sem af er þessari öld.

Mynd 7. Gini-stuðlar fyrir árin 2004, 2013 og 2023 eftir mislögum tekjutímabilum.



Umræða

Í þessari grein var í fyrsta sinn kortlagt umfang efnahagslegs hreyfanleika fá ári til árs á Íslandi. Það var lagt upp með að svara fjórum rannsóknarspurningum:

1. Hve mikill er efnahagslegur hreyfanleiki frá ári til árs?
2. Hefur hann aukist eða minnkað á 21. öldinni?
3. Er hreyfanleikinn mismikill á ólíkum stöðum í tekjudreifingunni?
4. Dregur hreyfanleikinn úr ójöfnuð til lengri tíma?

Breytileiki tekna einstaklinga frá ári til árs er umtalsverður og það sama má segja um afstæðan efnahagslegan hreyfanleika þó hann einkennist einnig að vissum stöðugleika. Umtalsverður hluti fólks sér tekjur sína hækka eða lækka frá ári til árs sem nemur meira en 10% en aftur á móti er stærstur hluti af afstæðum hreyfanleika aðeins upp eða niður eitt tíundarbil í tekjudreifingunni og breytingin hefur sterka tilhneigingu til að ganga til baka árin eftir. Þetta svarar rannsóknarspurningu 1 og tilgátur 1 til 4 voru studdar.

Niðurstöðurnar benda til að það hafi dregið hafi úr efnahagslegum hreyfanleika það sem af er þessari öld. Það kemur meðal annars fram í að hlutfall fólks sem er í sama tíundarbili tvö ár í röð hækkar yfir tíma en einnig í því að hlutfallið sem vinnur sig upp úr neðsta tíundarbilinu eða fellur niður úr því efsta lækkar yfir tíma. Breytingarnar eru þó fremur hóflega nema ef til vill hvað varðar hreyfingar upp úr lægsta tekjubilinu. Þetta svarar rannsóknarspurningu 2 en tilgáta 5 stóðst ekki.

Á heildina litið er efnahagslegur hreyfanleiki mestur í kringum miðju tekjudreifingarinnar en minnkar því lengra út á jaðra hennar er komið. Þetta er að hluta afleiðing af mælitækinu en þegar tekjum er skipt í jafna tíundarhluta getur fólk færst bæði upp og niður úr tekjubilinu á öllum bilum

nema því efsta og því neðsta. Nánari skoðun gaf vísbendingu um að efsta tekjutiundarbilið sé fastheldnara á fólk en bilin í efri hluta tekjudreifingarinnar. Það sama átti ekki við um neðsta tekjubilið en hlutfall fólks sem hreyfist upp um tekjubil er hæst þar og lækkar jafnt og þétt með hækkandi tekjubilum. Þetta svarar rannsóknarspurningu 3. Tilgáta 6 er studd en tilgáta 7 er aðeins studd að hluta, það er fyrir efstu tekjutiundina.

Niðurstöðurnar benda til þess að efnahagslegur hreyfanleiki hafi hófleg jafnandi áhrif á lífskjör yfir tíma. Það svarar fjórðu rannsóknarspurningunni og styður tilgátu 8.

Hvaða lærdóm má draga af þessum niðurstöðum? Sú fyrsta er að tekjur fólks á tilteknum tímapunkti gefa ekki endilega rétta mynd af lífskjörum þeirra. Þetta skiptir einkum máli fyrir fátæktarrannsóknir sem skilgreina fátækt út frá tekjum enda sýndu niðurstöðurnar að það er mikill hreyfanleiki upp úr neðstu tekjutiundinni. Lágtekjuhópurinn er ekki stöðugur hópur. Það sem þetta þýðir fyrri stefnumótun er að það er ekki nóg að horfa á hópinn sem er undir lágtekjumörkum á tilteknum tímamarki. Hluti hans vinnur sig upp úr fátækt án frekari inngripa. Stefnumótun ætti að snúa að þeim sem eru föst í lægsta tekjubilinu annars vegar og þeim sem falla ítrekað aftur niður í það eftir að hafa unnið sig upp úr því. Annað sem er vert að huga að fyrir stefnumótun er að það hefur dregið úr efnahagslegum hreyfanleika frá aldamótum. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera slæmt, það kann einfaldlega að vera til marks um meiri stöðugleika og minna afkomuóryggi. Það að fastheldni jaðra dreifingarinnar er hins vegar eitthvað til að hafa áhyggjur af, sér í lagi á botni tekjudreifingarinnar.

Þessi rannsókn horfir á efnahagslegan hreyfanleika frá almennu sjónarhorni enda markmiðið aðeins að kortleggja stóru myndina. Hún er því ekki upplýsandi hvað býr að baki þess efnahagslega hreyfanleika sem birtist í gögnunum. Það eru því spurningar sem vakna og ýmsar aðrar sem er ósvarað. Næstu skref eru því að greina að hve miklu leyti efnahagslegur hreyfanleiki á Íslandi endurspeglar órugga afkomu. Það er nauðsynlegt til að meta hvort minnkandi efnahagslegur hreyfanleiki frá aldamótum er óheillavænleg þróun eða ekki. Þá er mikilvægt að greina hvaða hópar það eru sem festast í neðsta tekjubilinu eða falla ítrekað aftur niður í það. Að lokum er þörf á að greina áhrif ýmissa áhrifaþátta á efnahagslegan hreyfanleika, svo sem launahækkanir, atvinnuvinnuskipti, atvinnumissi, missi starfsgetu, námslok, efnahagslega aðlögun innflytjenda, breytingar á hjúskaparstöðu og barneignir svo dæmi séu nefnd. Það er ljóst að efnahagslegur hreyfanleiki á Íslandi er frjór en að mestu óplægður akur fyrir rannsóknir á lífskjörum og velferð íbúa landsins.

Þrátt fyrir viðleitni nútímasamfélaga til að hemja Týkhe benda niðurstöðurnar til að hún hafi enn nokkur áhrif á afkomu fólks. Tekjur fólks breytast og fólk sveiflast til í tekjudreifingunni frá ári til árs, sem er eitthvað sem mælingar á miðsækni fanga ekki. Týkhe útteilir bæði gæfu og ógæfu í formi hækkana og lækkana, en jafnframt í þeirri staðreynd að margir snúa aftur til sömu stöðu eftir nokkur ár. Hún er því ekki áhrifalaus. Hún leikur þó ekki lausum halda. Áhrif hennar eru hvorki algjör né að öllu leyti tilviljanakennd heldur mótast af stofnunum, vinnumarkaði og félagslegum aðstæðum. Niðurstöðurnar minna okkur engu að síður á að jafnvel í samfélagi sem leitast við að temja fallvaltleika lífsins, heldur Týkhe áfram að láta til sín taka — þó innan þröngra marka.

Heimildaskrá

- Aaberge, R., Björklund, A., Jäntti, M., Pedersen, P., Smith, N., & Wennemo, T. (2002). Income inequality and income mobility in the Scandinavian countries compared to the United States. *Review of Income and Wealth*, 48(4), 443-469.
- Aisenbrey, S., Evertsson, M., & Grunow, D. (2009). Is There a Career Penalty for Mothers' Time Out? A Comparison of Germany, Sweden and the United States. *Social Forces*, 88(2), 573-605.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson. (2009). The Top Income Groups: On the development of the income distribution 1993-2007. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 5(1), 93-121.
- Benabou, R., & Ok, E. (2001). Social Mobility and the Demand for Redistribution: The Poup Hypothesis. *The Quarterly Journal of Economics*, 116(2), 447-487.
- Björklund, A., & Jäntti, M. (2011). *Intergenerational income mobility and the role of family background*. Í W. Salverda, B. Nolan, & T. Smeeding, *The Oxford Handbook of Economic Inequality* (bls. 491-521). Oxford University Press.
- Blanden, J., & Machin, S. (2008). Up and Down the Generational Income Ladder in Britain: Past Changes and Future Prospects. *National Institute Economic Review*, 205, 101 - 116.

- Blossfeld, H.-P., Buchholz, S., Bukodi, E., & Kurz, K. (2008). *Young Workers, Globalization and the Labor Market: Comparing Early Working Life in Eleven Countries*. Edward Elgar.
- Bradbury, K., & Katz, J. (2009). *Trends in U.S. Family Income Mobility, 1967–2004*. Federal Reserve Bank of Boston.
- Breen, R. (2005). *Social Mobility in Europe*. Oxford University Press.
- Breen, R., & Müller, W. (2020). *Education and Intergenerational Social Mobility in Europe and the United States*. Stanford University Press.
- Bukodi, E., & Goldthorpe, J. (2018). *Social Mobility and Education in Britain*. Cambridge University Press.
- Burchardt, T. (2005). Are one man's rags another man's riches? Identifying adaptive expectations using panel data. *Social Indicators Research*, 74(1), 57–102.
- Dynan, K., Elmendorf, ..., & Sichel, D. (2012). The Evolution of Household Income Volatility. *Brookings Papers on Economic Activity*, 25(2), 217–272.
- Erikson, R., & Goldthorpe, J. (1992). *The Constant Flux: A Study of Class Mobility in Industrial Societies*. Clarendon Press.
- Eurostat. (e.d.). *Equivalised disposable income*. Sótt frá Statistics Explained: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Equivalised_disposable_income
- Eurostat. (N.d.). *Income and living conditions*. Sótt frá Eurostat: <https://ec.europa.eu/eurostat/web/income-and-living-conditions>
- Fields, G. (2008). *Income mobility*. Cornell University, School of Industrial and Labor Relations.
- Fields, G., & Ok, E. (1996). The Meaning and Measurement of Income Mobility. *Journal of Economic Theory*, 71(2), 349–377.
- Gangl, M. (2002). Changing Labour Markets and Early Career Outcomes: Labour Market Entry in Europe over the Past Decade. *Work, Employment and Society*, 16(1), 67–90.
- Gangl, M. (2004). Welfare states and the scar effects of unemployment: A comparative analysis of the United States and West Germany. *American Journal of Sociology*, 109(6), 1319–1364.
- Gangl, M. (2005). Income inequality, permanent incomes, and income dynamics: Comparing Europe to the United States. *Work and Occupations*, 32(2), 140–162.
- Gangl, M. (2006). Scar effects of unemployment: An assessment of institutional complementarities. *American Sociological Review*, 71(6), 986–1013.
- Gangl, M., & Ziefle, A. (2009). Motherhood, Labor Force Behavior, and Women's Careers: An Empirical Assessment of the Wage Penalty for Motherhood in Britain, Germany, and the United States. *Demography*, 46(2), 341–369.
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Ginistuðull og fimmtungastuðull 2004-2022*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur_3_tekjur_2_tekjur_silc/LIF01110.px
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Hagstofa Íslands*. Sótt frá Dreifing heildartekna eftir kyni og aldri 1990-2024: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur_3_tekjur_1_tekjur_skattframtol/TEK01006.px
- Hagstofa Íslands. (e.d.c). *Mannfjöldi á Íslandi 359.122 samkvæmt manntali 2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/manntal/manntal-2021-fyrstu-nidurstodur/>
- Hardy, B., & Ziliak, J. (2014). Decomposing trends in income volatility: The “wild ride” at the top and bottom. *Demography*, 51(6), 2077–2097.
- Immervoll, H., Jenkins, S., & Königs, S. (2015). Are recipients of social assistance “benefit dependent”? *IZA Journal of Labor Economics*, 4(1).
- Jäntti, M., & Jenkins, S. (2016). *Income mobility*. Í A. Atkinson, & F. Bourguignon, Handbook of Income Distribution, Volume 2 (bls. 807–935). Elsevier.
- Jenkins, S. (2011). *Changing Fortunes: Income Mobility and Poverty Dynamics in Britain*. Oxford University Press.
- Jenkins, S., & Van Kerm, P. (2006). Trends in income inequality, pro-poor income growth, and income mobility. *Oxford Economic Papers*, 58(3), 531–548.
- Königs, S., & Terrero-Dávila, J. (2025). *Who Climbs the Income Ladder? Cross-Country Evidence on Income Mobility from Tax Record Data*. IZA Institute of Labour Economics.
- Nolan, B., & Whelan, C. (2011). *Poverty and Deprivation in Europe*. Oxford University Press.
- OECD. (2011). *Divided We Stand: Why Inequality Keeps Rising*. OECD.
- OECD. (2018). *A Broken Social Elevator? How to Promote Social Mobility*. OECD.
- OECD. (2023). *On Shaky Ground? Income Instability and Economic Insecurity in Europe*. OECD.
- Parma, A., Matsaganis, M., Montanari, M., & Ranci, C. (2025). Incidence and Distribution of Earnings Shocks: Southern Europe in Comparative Perspective. *Social Indicators Research*, 178(1), 559–579.
- Saar, E., Unt, M., & Kogan, I. (2008). Transition from Educational System to Labour Market in the European Union: A Comparison between New and Old Members. *International Journal of Comparative Sociology*, 49(1), 31–59.
- Shorrocks, A. (1978). Income inequality and income mobility. *Journal of Economic Theory*, 19(2), 376–393.
- Sladky, L. (2017). *How Income Volatility Interacts With American Families' Financial Security*. Pew Research Center.
- Stefán Ólafsson. (2006). Increasing Inequality in Iceland: The role of Politics and Markets in an International Comparative Perspective. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 2(2), 129–156.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2012). Development of Income Distribution in Iceland 1992–2010. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 8(1), 39–71.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2017). *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna ogeigna í fjölbjóðlegu samhengi*. Háskólaútgáfan.

Svavarsdóttir, G., Ásgeirsdóttir, T., Clark, A., & Stefánsson, G. (2025). Equivalence scales revisited: Evidence from subjective data. *Journal of Economic Inequality*. doi:<https://doi.org/10.1007/s10888-025-09686-5>

Zelizer, V. (1989). The Social Meaning of Money: "Special Monies". *American Journal of Sociology*, 95(2), 342–377.

Um höfund

KOLBEINN STEFÁNSSON (kolbeinn@hi.is) er dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hann varði doktorsritgerð í félagsfræði við Oxfordháskóla árið 2013.